Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1229
komudagur 29.2.2012

Hörgársveit

Alþingi
nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Þelamerkurskóla, 23. febrúar 2012

**Þingsályktunartillaga um fjarskiptaáætlun 2011-2022, umsögn**

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum 15. febrúar 2012 að fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun fyrir árin 2011-2022 (342. mál) um leið og **hún gerir þá kröfu að strax verði gerð framkvæmdaáætlun sem miðar að því að tryggja að öll heimili í landinu hafi fengið fullnægjandi netsamband og farsímasamband í síðasta lagi á árinu 2013, þar sem fjöldi heimila búi við algerlega óviðunandi mismunun í þessum efnum miðað við það sem almennt gerist**.

Í Hörgársveit er sums staðar enn alls kostar ófullnægjandi farsíma-samband og netsamband, auk þess sem móttökuskilyrði fyrir útsendingar RÚV eru ekki alls staðar viðunandi.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Sigvaldason

SVEITARSTJÓRINN HÖRGÁRSVEIT

Hörgársveit · Þelamerkurskóla · 601 Akureyri · Sími: 461 5474 · Fax: 461 5475 · horgarsveit@horgarsveit.is